

Náttúran - verkefni um örnefni.

1. Leitið á Internetinu að korti eða mynd af Grindavík og prentið út.
 - a. Merkið inn á það/hana þau örnefni sem þið þekkið.
 - b. Ræðið við bekkjarfélaga og kennara um örnefni sem þau þekkja og merkið inn á kortið.
2. Hvers vegna haldið þið að þessir staðir/fyrirbæri beri þessi nöfn?
Skrifið niður.
 - a. Er eitthvað í náttúrunni sem skýrir nafnið/nöfnin?
 - b. Er eitthvað í sögu Grindavíkur sem gæti skýrt nafnið/nöfnin?
 - c. Eru einhverjar þjóðsögur tengdar örnefnunum?
3. Farið inn á google earth í tölvunni og skoðið staðina sem þið funduð.
 - a. Merkið inn á kortið stað sem ykkur líst vel á og búið til leiðarkort að staðnum.
 - b. Þjóðið bekkjarfélögum ykkar í göngu þangað.
 - c. Þegar þið eruð komin að staðnum á leiðarkortinu takið þá myndaskot á símann/myndavélina af svæðinu.
 - d. Veltið fyrir ykkur hvort nafnið hæfi staðnum, ef ekki búið þá til nýtt nafn sem ykkur finnst passa betur.
 - e. Búið til myndband í tölvunni og notið til þess forrit sem bjóða upp á að sýna myndaskotið (t.d. MovieMaker).
 - f. Setjið saman kynningu um staðinn og flytjið fyrir bekkinn. Þið hafið frjálst val um það hvernig þið framkvæmið kynninguna.